



**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 18. nóvember 2024

MSS24100157

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

### Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um lendingarstað fyrir björgunarþyrlur í Nauthólsvík

Á fundi borgarráðs 17. október 2024 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvort viljayfirlýsing (milli Reykjavíkurborgar, Landspítala, Landhelgisgæslu og nokkurra ráðuneyta um lendingarstað fyrir björgunarþyrlur í Nauthólsvík) lúti helst að lendingarstað í Nauthólsvík þ.e. nálægt Landspítala frekar en við Landspítala og um þetta er spurt vegna þess að við lestur viljayfirlýsingarinnar er áberandi að talað er helst um lendingarstað nálægt Landspítala en ekki við Landspítala? Það tekur um 15-20 mínútum lengur að flytja slasaðan einstakling frá Nauthólsvík yfir á Landspítala en ef lent væri með hann við Landspítala. Þessar mínútur gætu verið skilin milli lífs og dauða*

#### Greinargerð

Núverandi þyrlur eru að hámarki 12 tonn og verða ekki stærri. Að sjálfsögðu þarf að vera stór þyrlupallur í Nauthólsvík sérstaklega ef Reykjavíkurlflugvöllur fer en það þarf alltaf að vera þyrlupallur á eða við nýja Landspítala (NLSH). Það verður að gera ráð fyrir að þyrla geti lent við nýjan Landspítala ef um bráðveikan eða slasaðan einstakling er að ræða til að forðast óþarfa tafir og áhættu. Samkvæmt starfandi þyrlulæknum þá tekur það í dag 3-5 mínútur að koma sjúklingi úr þyrlu og inn á bráðamóttöku í Fossvogi og telst það eðlilegt verklag. Aftur á móti er miðgildi frá lendingu þyrlu á Reykjavíkurlflugvelli þar til komið er á Hringbraut 28 mínútur. Munurinn er þannig 23-25 mínútur sem minnkar kannski í 15-20 mínútur með tilkomu borgarlínubrautar úr Nauthólsvík á NLSH. Slík töf og flutningur sjúklinga milli farartækja skapar vel þekkta áhættu og getur ekki talist æskilegt verklag og ber ekki að stuðla að slíku. Allir fagaðilar telja að töf á flutningi mikið veikra sjúklinga geti skipt sköpum fyrir þá.

Fyrirspurninni var vísað til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.

#### Svar við fyrirspurn:

Sú viljayfirlýsing sem vitnað er til í fyrirspurninni vísar bæði til lendingarstaða á lóð Landspítalans og í Nauthólsvík. Nýtt rannsóknahús Landspítalans mun geta borið þyrlupall, en legið hefur ljóst fyrir að einungis sjónflug yrði heimilt á slíkan þyrlupall og eftir því sem björgunarþyrlurnar verða stærri mun umfang þyrlupalls sem



Reykjavík



byggingarmannvirki verða meira og hæð pallsins meiri, sem veldur hugsanlegum tögum við flutning á sjúklingum á bráðamóttöku.

Með því að tryggja einnig þyrlupall í Nauthólsvík skapast tækifæri til frekari þróunar á Hringbrautarsvæðinu við endurmat annars áfanga uppbyggingar á skipulagi Landspítala og þróun deiliskipulags Landspítalalóðar í sameiginlegri vinnu stýrihóps um skipulag og framkvæmdir við Landspítala og Reykjavíkurborgar.

Á sama hátt mun deiliskipulagsgerð við Nauthólsvík tryggja að þyrlupallurinn sé hannaður í samræmi við þá þyrlustærð sem miðað er við á Norðurlöndum við björgun og leit. Þá sé öryggissvæði við þyrlupallinn skv. alþjóðlegum reglum og að þyrlupallurinn sé þannig staðsettur að flug inn á hann sé sem hindrunarlausast og að framtíðarþróun bygginga og gróðurs auki ekki hindranir fyrir flug að og frá pallinum.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari



Reykjavík